# Viðarstaðlar fyrir innlent timbur

Skógræktin

22.03.2021

# Eiginleikar og einkenni timburs




## Eiginleikar = erfðaeiginleikar

- Það sem einstaklingnum er skapað

## Einkenni = umhirða og umhverfisáhrif

- Hvað verður úr einstaklingnum

# Eiginleikar og einkenni

- Mismunandi viðartegundir eru nýttar i mismunandi verkefni
- Grenni er mest notað sem burðarviður.
- Fura mikið notað í klæðningar.
- Lauftré í húsgögn.
- Hér er það eiginleikin sem ræður valinu.




Efniseiginleikar timburs er mismunandi milli tegunda og einnig milli sömu tegundar.

Toppur

Miðstofn

Rótarstofn

Rysja

Kjarnaviður




Timbur úr greni frá suður Svíþjóð er þyngra og sterkara en timbur frá norður Svíþjóð, þrátt fyrir það að timbrið úr suður Svíþjóð sé með breiðari árhringi en timbrið frá norður Svíþjóð. Ástæðan er að sumarvöxturinn, dekkri hluti árhringja, er breiðari í suður Svíþjóð en í norður Svíþjóð. Rúmþyngd sumarviðar er 900 kg. á rúmmetra þurr en er þrisvar sinnum þyngri en vorviðurinn

# Rúmþyngd – Styrkur - Rýrnun

**SAMEIGINLEGIR ÞÆTTIR MEÐ VIÐARTEGUNDUM**

| Trjátegundir: | Rúm-þyngd við | Tog-styrkur í trefja-stefnu | Þrýsti-styrkur í trefja-stefnu | Beygju-styrkur | Fjaður-stuðull (beygja ⊥) | Harka fyrir endatré. Janka | Rýrnun frá nýfelldu niður í % þurr | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | U = 0% $kg/m^3$ | U = 12% $N/mm^2$ | U = 12% $N/mm^2$ | U = 12% $N/mm^2$ | U = 12% $N/mm^2$ | U = 12 $N/mm^2$ | Geislal. % | Snertill. % | Rúmmálsr. % |
| **Barrtré** | | | | | | | | | |
| Skógarfura | 490 | 104 | 55 | 100 | 12000 | 30 | 4,0 | 7,7 | 12,1 |
| Rauðgreni | 430 | 90 | 50 | 78 | 11000 | 27 | 3,6 | 7,8 | 11,9 |
| Sitkagreni | 420 | 78 | 39 | 72 | 11000 | 35 | 4,3 | 7,5 | 12,2 |
| Þinur | 410 | 84 | 47 | 73 | 11000 | 34 | 3,8 | 7,6 | 11,5 |
| Döglingsviður | 470 | 105 | 47 | 79 | 11500 | 32 | 4,2 | 7,4 | 11,9 |
| Evrópulerki | 550 | 107 | 55 | 99 | 13800 | 38 | 3,3 | 7,8 | 11,4 |
| Lífviður (red cedar) | 340 | 50 | 35 | 54 | 7900 | 30 | 2,4 | 5,0 | 7,6 |
| Pitch pine | 520 | 105 | 42 | 76 | 10000 | 32 | 4,0 | 7,1 | 11,5 |
| Rauðviður | 360 | 77 | 37 | 58 | 7900 | 32 | 2,4 | 5,0 | 7,7 |
| **Lauftré í Evrópu** | | | | | | | | | |
| Beyki | 680 | 134 | 62 | 123 | 16000 | 78 | 5,8 | 11,8 | 17,9 |
| Eik | 650 | 90 | 65 | 110 | 12500 | 69 | 4,0 | 7,8 | 12,2 |
| Askur | 650 | 165 | 52 | 120 | 13400 | 76 | 5,0 | 8,0 | 13,2 |
| Álmur | 640 | 80 | 56 | 89 | 11000 | 64 | 4,6 | 8,3 | 13,2 |
| Birki | 610 | 137 | 51 | 147 | 16500 | 49 | 5,3 | 7,8 | 13,7 |

# Staðlar sem eru fyrir innlent timbur

Burðarviður

Smíðaviður

Umhverfið

# Burðarviður

Skiptist upp í tvo flokka:

Útlitsflokkun - þar sem styrkur timburs er metinn eftir útliti

Vélflokkun – þar sem styrkur timburs er metinn vélrænt eftir niðursveigju og útliti

En 518
Kröfur fyrir staðla þar sem timbur er útlitsflokkað

INSTA 142
Norræn staðall fyrir útlitsflokkun á timbri

En 1912
Styrkflokkar - Samanburður á flokkuunar-stöðlum milli landa

ÍST EN 14081-1

En 519
Kröfur fyrir vél-styrkflokkað timbur og styrkflokkunar vélar

Norrænar reglur sem ákveða tölugildi.

EN 338
Styrkflokkað timbur Hönnunarflokkar

En 336
Styrkflokkað timbur barrtré og ösp, leyfileg frávik á stærðum

# Hvað þýða flokkarnir gagnvart burði




Planki 50x225 mm

# Samanburður á milli flokka

ÍST INSTA 142

***A.2.1 Burðartimbur útlitsflokkað í T-timbur***

Tafla A.1 sýnir styrkflokka fyrir T-timbur sem þessi staðall fjallar um og burðarflokka samkvæmt ÍST EN 338 sem það tilheyrir.

*Tafla A1 Niðurröðun á styrkflokkuðu T-timbri í burðarflokka*

| Burðarflokkar | Styrkflokkar | Verslunarheiti |
|---|---|---|
| C30 | T3<br>T3<br>T3<br>T3<br>T3 | Rauðgreni<br>Skógarfura<br>Eðalgreni<br>Lerki<br>Döglingsviður |
| C24 | T2<br>T2<br>T2<br>T2<br>T2<br>T2 og betra | Rauðgreni<br>Skógarfura<br>Eðalgreni<br>Lerki<br>Döglingsviður<br>Sitkagreni |
| C18 | T1<br>T1<br>T1<br>T1<br>T1<br>T1 | Rauðgreni<br>Skógarfura<br>Eðalgreni<br>Lerki<br>Döglingsviður<br>Sitkagreni |
| C14 | T0<br>T0<br>T0<br>T0<br>T0<br>T0 | Rauðgreni<br>Skógarfura<br>Eðalgreni<br>Lerki<br>Döglingsviður<br>Sitkagreni |

EN 338
Styrkflokkað timbur
Hönnunarflokkar

**Table 1: Strength classes**

| | | Poplar and conifer species | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | C14 | C16 | C18 | C22 | C24 |
| **Strength properties in N/mm²** | | | | | | |
| Bending | $f_{m,k}$ | 14 | 16 | 18 | 22 | 24 |
| Tension parallel | $f_{t,0,k}$ | 8 | 10 | 11 | 13 | 14 |
| Tension perpendicular | $f_{t,90,k}$ | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,4 |
| Compression parallel | $f_{c,0,k}$ | 16 | 17 | 18 | 20 | 21 |
| Compression perpendicular | $f_{c,90,k}$ | 4,3 | 4,6 | 4,8 | 5,1 | 5,3 |
| Shear | $f_{v,k}$ | 1,7 | 1,8 | 2,0 | 2,4 | 2,5 |
| **Stiffness properties in kN/mm²** | | | | | | |
| Mean modulus of elasticity parallel | $E_{0,mean}$ | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
| 5% modulus of elasticity parallel | $E_{0,05}$ | 4,7 | 5,4 | 6,0 | 6,7 | 7,4 |
| Mean modulus of elasticity perpendicular | $E_{90,mean}$ | 0,23 | 0,27 | 0,30 | 0,33 | 0,37 |
| Mean shear modulus | $G_{mean}$ | 0,44 | 0,50 | 0,56 | 0,63 | 0,69 |
| **Density in kg/m³** | | | | | | |
| Density | $\rho_k$ | 290 | 310 | 320 | 340 | 350 |
| Average density | $\rho_{mean}$ | 350 | 370 | 380 | 410 | 420 |

ÍST INSTA 142

| Styrkflokkur | T0 | T1 | T2 | T3 |
|---|---|---|---|---|
| Einkennandi rúmþyngd, $\rho_k$ [kg/m³] | 350 | 350 | 360 | 380 |

*Tafla A.2 – Togstyrkur, fjaðurstuðull og rúmþyngd á LT-timbri flokkað í LT20 og LT30*

| Styrkflokkur | LT20 | LT30 |
|---|---|---|
| Einkennandi togstyrkur, $f_{t,0,k}$ [MPa] | 15,5 | 22 |
| Meðaleining fjaðurstuðuls, $E_{0,mean}$ [MPa] | 11.500 | 13.500 |
| Einkennandi rúmþyngd, $\rho_k$ [kg/m³] | 390 | 390 |

ÍSLENSKIR
STAÐLARÁÐ ÍSLANDS STAÐLAR

# ÍST INSTA 142:2009

Gildistaka INSTA 142 2009-10-15
ICS: 79.040; 91.080.20

## Norrænar reglur fyrir útlitsstyrkflokkun á timbri í burðarvirki

## Nordic visual strength grading rules for timber

# Kynning á staðlinum

- Þegar timbur er flokkað er gerður greinarmunur á efnisstærð.
- Kröfur um efnisgæði eftir efnisstærð eru skilgreindar í 14 töflum.
- Töflur 1, 2, 3, 4, 5 og 6 eru fyrir efni þar sem þykktin er 45 mm og þykkar og breidd sem er 70 mm og breiðara.
- Töflur 7, 8, 9 og 10 eru fyrir minni stærðir, þó minnst 25 - 45mm að þykkt og 50-75mm breitt
- Töflur 11 – 14 ef fyrir límtré

# Kynning á staðlinum

Kröfur um viðarraka eru ekki í staðlinum, en hann skal skilgreindur í kaupsamningi hverju sinni.

Uppgefnar kröfur, fyrir timburgæði í töflunum eru skilgreindar miðað við 20% viðarraka. Sumar af þeim kröfum sem settar eru um efnisgalla í töflum 1 og 2 munu beytast við annan viðarraka. Þegar flokkað er við annan viðarraka eru frávik leyfð. (ÍST EN 336)

# Sögun




Teikn. 2.2
Mergfri sögun




Teikn. 2.1
Gegnumsögun
um miðju

# Heiti á timbri

Þrjú nöfn sem þarf að muna og þekkja

- **Kantur**
- **Brún**
- **Flötur**

Greinarmunur er gerður á rysjuhlið og merghlið við flokkun



# Kvistgerðir



# Ýmsir gallar


Barkvasar


Yfirvöxtur


Börkur


Trjákvoðuvasar


Fastur fúi


Árhringjabreidd


Trjákvoðuvasi


Grágeit

# Ýmsir gallar



Þurrksprunga



Ská þurrksprunga



Trefjaskekkja



Toppbrot



Hringsprungur



Vankantur



Viðbragðsviður
Þrýstiviður



Sveipvöxtur

# Flokkunartafla úr ÍST INSTA 142 Fyrir ákveðna efnisstærð

| Efnistærð | 50x225 | | Styrkflokkur | | T1 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tafla 1: Hámarkskröfur sem hafa áhrif á styrkleika timburs** | | | | | |
| Kantkvistur | 40 | mm | | | |
| Breiðhliðakvistur | 90 | mm | | | |
| Brattur hornkvistur | | | | | |
| Kvisthópur | 130 | mm | | | |
| Trefjaskekkja | 1:6 | | | | |
| árhrhringja breidd | Ótakmarkað | | | | |
| Hringsprunagur | Breidd 50 mm, dýpt 25 mm, lengd 500 mm | | | | |
| Sprungur ekki gegnumgangandi | Leyfðar upp að 1,5 m að lengd efnisins hvort heldur sem er minna. Ekki leyfð ef hún sker kant | | | | |
| Sprungur sem eru gegnumgangandi | Leyfðar aðeins í endanum á efninu, lengd jöfn og efnisbreidd eða jafnt og 150 mm heldur sem er | | | | |
| Toppbrot, þverviður og sveipvöxtur | Leyft upp að 1/2 af efnisbr. Ekki leyft í 1/4 af efnisb. frá kant | | | | |
| **Tafla 2: Hámarkskröfur fyrir stærð og lögun** | | | | | |
| Vankantur | Breiðh | 150 mm | kantur | 33 mm | Sagað |
| Mál og málfrávik | Þykkt +3, -1 mm. Breidd +4 -2 mm. | | | | |
| **Tafla 3 og 4: Stærðsta leyfða formbreyting á 2 metra lengd** | | | | | |
| Breiðhliðabeygja | 20 | mm | | | |
| Kantbeygja | 12 | mm | | | |
| Vindingur | 18 | mm | | | |
| Tafla 5: Lífrænir galla | | | | | |
| Fastur fúi | 46 mm. br. Lengd 0,5 m. 28 mm. breidd áháð lengd | | | | |
| Fúi | Leyfður í kvistum | | | | |
| **Tafla 6: aðrir efnisgallar** | | | | | |
| Þrýstiviður | Leyð í br. 169 mm. Leyft í þykkt 38 mm. 1m. lengd. | | | | |
| Skemmd | 95% óskemmt | | | | |
| Yfirvöxtur | 45 mm. af breidd. 675 mm. af lengd ekki gegnumgangandi | | | | |
| Börkur | Ekki leyft | | | | |
| Skordýra skemmdir | Ekki leyft | | | | |

# -CE-
# merking á timbri fyrir burðarþol.



# Smíðaviður - Útlitsflokkun




ÚTGÁFA 1:2020
Gæðafjalir
Viðskiptaflokkun
á timbri úr barrtrjám
skógræktin
Landbúnaðarháskóli Íslands
Trétækniráðgjöf slf.
Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB
Erasmus+
SWEDISH WOOD

# Helstu kaflaheiti Gæðafjala:

1


Barrviður·til·timburvinnslu··8¶
Skilgreiningar,↵
skýringar,·mælireglur··og·kröfur·10¶

Viðartegundir···10¶
Sögunaraðferðir···11¶
Heiti·á·timburfjölum··14¶
Mál···15¶
Viðarraki··20···21¶
Hliðar·á·timburfjölum··22···23¶


2


Lýsing·á·flokkun··24¶
Um·viðskiptaflokkun··27¶
Flokkunartafla·1·····29¶

Heiti·og·einkenni·kvista·····30¶
Kvistlögun····32¶

Flokkunartafla·2¶

Önnur·einkenni·····42¶
Ásókn·sveppa,·skordýra·og·örvera···52¶
Flokkunartafla·3··58¶

Framleiðslutengd··einkenni····59¶
Sprungur···60¶
Formbreyting···63¶


3


Flokkunartöflur··65¶

Flokkunartafla···1—Heiti·og·einkenni·kvista···66¶
Flokkunartafla··2—Önnur··einkenni····69¶
Flokkunartafla··3—Framleiðslutengd·einkenni····71¶
Myndir·af·gæðaflokkum····73¶
Flokkabreytingartafla····76¶

# 1. Inngangur

- Bókin Gæðafjalir - Viðskiptaflokkun á timbri úr barrtrjám á að endurspegla einsleita eiginleika skógarafurða og kunnáttu vinnslustöðvar til að framleiða gæðavöru.
- Gæðafjalir Viðskiptaflokkun á timbri er flokkunarkerfi sem gildir á Norðurlöndum sem tryggir að sögunarmyllur framleiði timburafurðir sem uppfylla kröfur og eftirspurn neytandans.
- Gæðafjalir Viðskiptaflokkun á timbri gildir fyrir markaðinn á Íslandi og til útflutnings.
- Gæðafjalir Viðskiptaflokkun á timbri er verkfæri þar sem timbur er sagað og flokkað eftir eiginleikum og einkennum þess.

# Norræna sögunaraðferðin

## Bolur sagaður í ferkant, síðan sagaður 2x eða 4x með miðjuskurði

| Skilgreiningar |
|---|
| Skelborð eru söguð samhliða úr bolnum. Sá hluti sem verður eftir og kallast blokk, er velt yfir á annan flötinn og sagaður þannig að úr verða borð og plankar. Blokkin er síðan söguð um merg (miðjuskurður). Sá hluti sem þá verður eftir er sagaður í miðju og úr verður miðjuefni (plankar) og hliðarborð (borð). Miðjuefnið og hliðarborðin eru tvö stykki af sömu breidd en af annarri eða sömu þykkt. |







## Bolur sagaður í ferkant, síðan sagaður 3x eða 5x með mergefni

| Skilgreining |
|---|
| Skelborð eru söguð samhliða úr bolnum. Sá hluti sem verður eftir og kallast blokk, er velt yfir á annan flötinn og sagaður þannig að úr verða borð og plankar. Blokkin er söguð sitt hvorum megin við merg þannig að úr verður mergefni (planki). Efnið til hliðar við mergefnið verður plankar og/eða hliðarborð (borð). Mergefnið (plankinn) og hliðarborðin (borðin) eru af sömu breidd en af annarri eða sömu þykkt. |







## Bolur sagaður í ferkant, síðan sagaður 3x með mergefni

| Skilgreining |
|---|
| Skelborð eru söguð samhliða úr bolnum. Sá hluti sem verður eftir og kallast blokk, er velt yfir á annan flötinn og sagaður þannig að úr verða borð og plankar. Blokkin er söguð sitt hvorum megin við merginn þannig að úr verður mergefni (borð) eða (planki). Plankar og borð sem verða til sitt hvorum megin við mergefnið eru af sömu breidd en af annarri eða sömu þykkt. |



# Um Gæðafjalir Viðskiptaflokkun á timbri

Aðalflokkarnir eru OS, V, VI og VII.

**FLOKKUR OS: Fjórir flokkar (I, II, III, IV)**
FLOKKUR OS er efsti gæðaflokkur í aðalflokkunarröð. FLOKKUR OS er óskilgreindur hluti af undirflokkum OS I – OS IV sem falla í gæðum frá OS I til OS IV sem er lægstur.

**FLOKKUR V:**
FLOKKUR V (Kvinta – Fimmti flokkur) er lélegri en OS.

**FLOKKUR VI:**
Flokkur VI (Úrkast) er enn lélegri en FLOKKUR V.

**FLOKKUR VII:**
Fyrir FLOKK VII eru engin gildi gefin upp í flokkunartöflunum. Fyrir FLOKK VII gilda ekki reglur um efniseiginleika eða efniseinkenni og eru því leyfð án takmarkana. **Eina krafan er að efnið þarf að hanga saman**.

# Samanburður á mismunandi timburflokkun



**Útlitsflokkun**

***Tafla 4*** sýnir mismunandi flokkun milli landa

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *I* | *II* | *III* | *IV* | *V* | *VI* | *Norðurlönd (gömlu reglurnar)*<br>*Græna bókin* |
| *O/S* | | | | *V* | *VI* | |
| *S/F* | | | | *Úrkast* | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *I* | *II* | *III* | *IV* | *V* | *Rússland* |
| *U/S* | | | *IV* | *V* | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| *U/S* | *IV* | *V* | *Ísland*<br>*Hefð sem hefur skapast* |
| *Smíðaviður* | *Byggingatimbur* | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *A* | | | | *B* | *C* | *D* | *Norðurlönd (nýju reglurnar)*<br>*Bláa bókin* |
| *A1* | *A2* | *A3* | *A4* | | | | |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flokkar | | | | | | | Gæðafjalir<br>**Viðskiptaflokkun**<br>**á timbri úr barrtrjám** |
| OS | | | | V (Fimmti) | VI (Úrkast) | VII | |
| OS I | OS II | OS III | OS IV | V | VI | VII | |

**Skýringar á skammstöfunum og heitum í töflu 4:**

| | |
|---|---|
| **S/F** | Sågfallande, sem er heiti á söguðu timbri í flokki I - V í Grænu bókinni |
| **O/S** | Osorterad, sem er heiti á söguðu timbri í flokki I - V í Grænu bókinni |
| **U/S** | Unsortet, sem er heiti á söguðu timbri í flokki I - III |
| **Úrkast** | VI flokkur samkvæmt Grænu bókinni |
| **Smíðaviður** | Sama og O/S og U/S samkvæmt íslenskri hefð |
| **Byggingatimbur** | Er IV og V flokkur í Rússlandi. Á Norðurlöndum V og VI flokkur samkvæmt Grænu bókinni og B og C samkvæmt Bláu bókinni. |

# Norrænt timbur

## Barrviður til timburvinnslu

Flokkunarkerfið tryggir að sögunarmyllur framleiði timburafurðir sem uppfylla gæðakröfur og standist væntingar kaupandans.

Svíþjóð, Noregur og Finnland flokka eftirtaldar viðartegundir:

- Skógarfura (Pinus sylvestris)
- Rauðgreni (Picea abies).

Ísland flokkar eftirtaldar viðartegundir:

- Stafafura (Pinus contorta) og einnig Skógarfura (Pinus sylvestris).
- Rauðgreni (Picea abies),
- Sitkagreni (Picea sitchensis),
- Evrópulerki (Larix decidua),
- Lerki (Larix sibirica og Larix sukaczewii).

# Trjátegundir

| | |
|---|---|
| Skógarfura | *Pinus sylvestris* |
| Stafafura | *Pinus contorta* |
| Rauðgreni | *Picea abies* |
| Sitkagreni | *Picea sitchensis* |
| Evrópulerki | *Larix decidua* |
| Síberíulerki | *Larix sibirica* |
| Rússalerki | *Larix sukaczewii* |

**Hvernig má greina á milli furu og grenis?**

**Fura:** Kjarnaviður er dekkri en rysjuviður

**Greni:** Kjarnaviður og rysjuviður eru eins á litinn þegar timbrið er þurrt.

**Stafafura** er með grófari og stærri kvisti en skógarfura og greni.

**Lerkið** er með svipaða kvistabyggingu og greni en með rauðleitan kjarna. Einnig eru áberandi skil á milli kjarnaviðar og rysju í lerki, rysjan er ljósari.

**Greni** er oft með litla perlukvisti milli greinakransa sem furan hefur ekki. Fura er oftar með bjúgkvisti.

Í hefluðu timbri er **greni** oft með smá útbrot við kvisti. ( kvistir eru stökkir)

Það er auðveldara að hefla **furu en greni** því hún er laus við útbrot við kvisti.

**Grenið** er frekar með trjákvoðuvasa (harpiks) sem furan hefur sjaldan.



# Efnisgæði





**Tafla 2 Efnisgæði. Ráðlagðir flokkar fyrir mismunandi notkun og trjátegundir fyrir þá.**

| Vöruflokkar úr timbri | Flokkar | Trjátegund |
|---|---|---|
| Heflað timbur | V – VI | Greni, fura og lerki |
| Burðarvirki | III – V | Greni, fura og lerki |
| Undirklæðning | V – VI | Greni og fura |
| Mótatimbur | VII eða betri | Greni og fura |
| Umbúðatimbur | VI – VII | Greni og fura |
| Utanhússklæðning, klæðning og vindskeiðar | V eða betri | Greni og lerki |
| Innanhússklæðningar | IV eða betri | Greni, fura og lerki |
| Heflað efni til innanhússnotkunar fyrir smiði | IV eða betri | Greni, fura og lerki |
| Gólfborð | V eða betri | Greni, fura og lerki |
| Girðingarefni | V eða betri | Greni og jafnvel gagnvarin fura |
| Listar | I - II | Greni, fura og lerki |



# Um viðskiptaflokkun - Flokkunarhefð - *bls. 27-28*

- Viðskiptaflokkun á timbri byggist á því að timbrið sem er flokkað er sagað úr bolnum samkvæmt ákveðnum **sögunaraðferðum** eins og lýst er á bls. 11 til 13.
- Viðartegundirnar **fura, greni og lerki eru flokkaðar hver fyrir sig**.

# Um viðskiptaflokkun - Flokkunarhefð - *bls. 27-28*

- **Grunnurinn** að flokkuninni er sýndur í flokkunartöflum 1-3.
- Í þeim kemur fram hvert er **hæsta leyfða mat** á eiginleikum og einkennum, fjölda, stærð og tegund.  Sjá bls. 65-72.
- **Breiðhlið og kantur** eru metin hver fyrir sig.
- Töflurnar sýna flokkun á **versta metranum**.
- **Formbreyting** 2 metrar. Sjá bls. 63.
- Ákvörðunin gildir fyrir **allt efnið**, þegar flokkur er ákveðinn.

# Um viðskiptaflokkun - Flokkunarhefð - bls. 27-28

- **Tölugildin** í viðkomandi FLOKKI eru mörkin fyrir **leyfða eiginleika** og **einkenni** sem eru gefin upp í flokkunartöflum 1–3.
  - Innþornun í kvistum, kvistgat og lausir kvistar
  - Flutningaskemmdir
  - Skordýraskemmdir
  - Árhringjabreidd

# Flokkunartafla 1 *(bls 27)*

**Heiti og einkenni kvista:**

- Lifandi kvistur
- Dauður kvistur/fastur og þurr
- Barkarkvistur
- Fúinn kvistur
- Laus kvistur

**Kvistur:**
*Hluti af grein sem er umlukt viði.*

**Kvistlögun:**

- Kringlukvistur
- Bjúgkvistur
- Klofinn gegnumgangandi kvistur
- Kvistgat eftir kantkvist
- Brúnakvistur, ekki gegnumgangandi
- Horfinn brúnakvistur, ekki gegnumgangandi
- Brúnakvistur gegnumgangandi
- Blaðkvistur
- Hornkvistur

**Flokkunartafla 1 – Heiti og einkenni kvista.**

| FLOKKUR YFIRBORÐSEFNIS | OS I | | OS II | | | OS III | | | | OS IV | | | | V | | | | | VI | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kvistgerð | Lifandi kvistir | Hám. fjöldi | Lifandi kvistir | Dauðir kvistir | Hám. fjöldi | Lifandi kvistir | Dauðir kvistir | Barkar-kvistir | Hám. fjöldi | Lifandi kvistir | Dauðir kvistir | Barkar-kvistir | Hám. fjöldi | Lifandi kvistir | Dauðir kvistir | Barkar-kvistir | Fúinir kvistir | Hám. fjöldi | Lifandi kvistir | Dauðir kvistir | Barkar-kvistir | Fúinir kvistir | Hám. fjöldi |
| **BREIÐHLIÐ** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Fjöldi kvista á metra.** Við hámarksstærð: | 1 | 1 | 2 | 1 | 3 | 3 | 3 | 1 | 5 | 4 | 4 | 2 | 7 | 5 | 5 | 3 | 3 | 11 | – | – | – | – | Ótakm. |
| **KVISTSTÆRÐ (mm)** **Við þykkt ≤ 29 mm** | | Alls Fk | | | Alls Fk | | | | Alls Fk | | | | Alls Fk | | | | | Alls Fk | | | | | Alls Ótakm. |
| Við breidd: – 115 mm | 8 | 8 | 10 | 7 | 20 | 10 | 7 | 5 | 30 | 20 | 14 | 10 | 80 | 35 | 25 | 21 | 18 | 175 | 55 | 55 | 55 | 55 | – |
| 116 – 150 mm | 8 | 8 | 10 | 7 | 20 | 15 | 11 | 8 | 45 | 25 | 18 | 13 | 100 | 40 | 28 | 24 | 20 | 200 | 60 | 60 | 60 | 60 | – |
| 151 – 200 mm | 8 | 8 | 15 | 11 | 30 | 20 | 14 | 10 | 60 | 30 | 21 | 15 | 120 | 45 | 32 | 27 | 23 | 225 | 65 | 65 | 65 | 65 | – |
| 201 – mm | 8 | 8 | 15 | 11 | 30 | 25 | 18 | 13 | 75 | 35 | 25 | 18 | 140 | 50 | 35 | 30 | 25 | 250 | 70 | 70 | 70 | 70 | – |
| **Við þykkt 30 – 39 mm** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Við breidd: – 115 mm | 8 | 8 | 10 | 7 | 20 | 15 | 11 | 8 | 45 | 25 | 18 | 13 | 100 | 40 | 28 | 24 | 20 | 200 | 60 | 60 | 60 | 60 | – |
| 116 – 150 mm | 8 | 8 | 15 | 11 | 30 | 20 | 14 | 10 | 60 | 30 | 21 | 15 | 120 | 45 | 32 | 27 | 23 | 225 | 65 | 65 | 65 | 65 | – |
| 151 – 200 mm | 8 | 8 | 15 | 11 | 30 | 25 | 18 | 13 | 75 | 35 | 25 | 18 | 140 | 50 | 35 | 30 | 25 | 250 | 70 | 70 | 70 | 70 | – |
| 201 – mm | 10 | 10 | 15 | 11 | 30 | 30 | 21 | 15 | 90 | 40 | 28 | 20 | 160 | 55 | 39 | 33 | 28 | 275 | 75 | 75 | 75 | 75 | – |
| **Við þykkt 40 – 59 mm** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Við breidd: – 115 mm | 8 | 8 | 15 | 11 | 30 | 20 | 14 | 10 | 60 | 30 | 21 | 15 | 120 | 45 | 32 | 27 | 23 | 225 | 65 | 65 | 65 | 65 | – |
| 116 – 150 mm | 10 | 10 | 15 | 11 | 30 | 25 | 18 | 13 | 75 | 35 | 25 | 18 | 140 | 50 | 35 | 30 | 25 | 250 | 70 | 70 | 70 | 70 | – |
| 151 – 200 mm | 10 | 10 | 15 | 11 | 30 | 30 | 21 | 15 | 90 | 40 | 28 | 20 | 160 | 55 | 39 | 33 | 28 | 275 | 75 | 75 | 75 | 75 | – |
| 201 – mm | 10 | 10 | 20 | 14 | 40 | 35 | 25 | 18 | 105 | 45 | 32 | 23 | 180 | 60 | 42 | 36 | 30 | 300 | 80 | 80 | 80 | 80 | – |
| **Við þykkt ≥ 60 mm** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Við breidd: – 115 mm | 10 | 10 | 20 | 14 | 40 | 25 | 18 | 13 | 75 | 35 | 25 | 18 | 140 | 50 | 35 | 30 | 25 | 250 | 70 | 70 | 70 | 70 | – |
| 116 – 150 mm | 10 | 10 | 20 | 14 | 40 | 30 | 21 | 15 | 90 | 40 | 28 | 20 | 160 | 55 | 39 | 33 | 28 | 275 | 75 | 75 | 75 | 75 | – |
| 151 – 200 mm | 15 | 15 | 25 | 18 | 50 | 35 | 25 | 18 | 105 | 45 | 32 | 23 | 180 | 60 | 42 | 36 | 30 | 300 | 80 | 80 | 80 | 80 | – |
| 201 – mm | 15 | 15 | 25 | 18 | 50 | 40 | 28 | 20 | 120 | 50 | 35 | 25 | 200 | 65 | 46 | 39 | 33 | 325 | 85 | 85 | 85 | 85 | – |
| **KANTUR** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Fjöldi kvista á metra** Við hámarksstærð: | 0 | 0 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 1 | 3 | 2 | 2 | 1 | 4 | 3 | 3 | 2 | 2 | 6 | – | – | – | – | Ótakm. |
| **KVISTSTÆRÐ** **Hlutfall (%) af efnisþykkt** | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| **Við þykkt: 16 – 29 mm** | 0 | | 40 | 28 | | 50 | 35 | 25 | | 85 | 60 | 43 | | 100 | 70 | 60 | 50 | | 100 | 100 | 100 | 100 | |
| **30 – 100 mm** | 0 | | 25 | 18 | | 40 | 28 | 20 | | 60 | 42 | 30 | | 85 | 60 | 51 | 43 | | 100 | 100 | 100 | 100 | |
| **Hlutfall (%) af stærð lifandi** | | | | 70 | | | 70 | 50 | | | 70 | 50 | | | 70 | 60 | 50 | | | 100 | 100 | 100 | |

# Flokkunartafla 2 *(bls 42)*

**Önnur einkenni**

- Barkarvasi
- Yfirvöxtur
- Trjákvoðuvasi
- Trjákvoðuviður
- Viðbragðsviður (þrýstiviður)
- Sveipvöxtur
- Trefjaskekkja
- Toppbrot
- Mergur

**Trjákvoða:**

*Hlutverk trjákvoðu (harpix) er að verja tréð fyrir skaða af völdum til dæmis örvera eða annarra skemmda sem geta valdið útþornun.*

*Trjákvoða er undir þrýstingi í viðaræðum trésins og lekur út ef viðurinn verður fyrir skemmdum.*

Flokkunartafla 2 - Önnur einkenni

| Einkenni | TIMBURFLOKKAR | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Leyft hámark** | **OS I** | **OS II** | **OS III** | **OS IV** | **V** | **VI** |
| **Barkarvasi og yfirvöxtur (annað hvort)** | | | | | | |
| Fjöldi á versta metra (stk) | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 |
| Einstakt einkenni, lengd (mm) | 0 | 0 | 0 | 100 | 200 | 300 |
| Einstakt einkenni breidd (mm) | 0 | 0 | 0 | 10 | 15 | 30 |
| **Trjákvoðuvasi** | | | | | | |
| Fjöldi á versta metra (st) | 0 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 |
| Einstakur trjákvoðuvasi, lengd (mm) | 0 | 20 | 40 | 50 | 100 | 150 |
| **Trjákvoðuviður** | | | | | | |
| Hlutfall (%) af yfirborði | 0 | 0 | 0 | 5 | 30 | 50 |
| **Viðbragðsviður (þrýstiviður) og sveip-vöxtur (hvort sem er)** | | | | | | |
| Hlutfall (%) af yfirborði | 0 | 0 | 0 | 10 | 20 | 50 |
| **Trefjaskekkja og trefjasprungur** | | | | | | |
| Stærð á frávik (a:b) | 1:15 | 1:15 | 1:12 | 1:10 | 1:7 | 1:2 |
| **Toppbrot** | | | | | | |
| Hlutfall (%) af breidd hliðar | 0 | 0 | 0 | 10 | 30 | 50 |
| **Mergur, hlutfall (%) af efnislengd** | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 |
| **Fúi, mjúkur** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Fúi, fastur, grámi og mygla** | | | | | | |
| Hlutfall (%) af yfirborði efnisins, djúp grágeit | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 30 |
| Hlutfall (%) af yfirborði efnisins, yfirborðs grámi | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 30 |
| **Skordýraskemmd** | | | | | | |
| Hlutfall af yfirborði efnisins (%) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |

# Flokkunartafla 3 *(bls 58)*

## **Framleiðslutengd einkenni:**

- Vankantur

## **Formbreyting:**

*Formbreyting vegna rakabreytinga eða vinnslu á efninu.*

- Flatbeygja
- Kantbeygja
- Vindingur
- Þverbeygja / kúpa

## **Sprungur:**

*Trefjar viðarins eru aðskildar eftir árhringjum*

- Þurrksprungur:
    - Ekki gegnumgangandi
    - Gegnumgangandi
- Endasprungur
- Hringsprungur

**Flokkunartafla 3** **Framleiðslutengd einkenni**

| Einkenni | TIMBURFLOKKAR | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Leyft hámark** | **OS I** | **OS II** | **OS III** | **OS IV** | **V** | **VI** |
| **Vankantur** | | | | | | |
| Breidd (mm) | 3 | 3 | 3 | 10 | 15 | 20 |
| Dýpt, hlutfall (%) af þykkt við: | | | | | | |
| efnisþykkt ≤ 25 mm | | | | 30 | 35 | 40 |
| OS I – III uppgefið í (mm) | 3 | 3 | 3 | | | |
| Efnisþykkt > 25 mm | | | | 15 | 20 | 25 |
| OS I – III uppgefið í (mm) | 3 | 3 | 3 | | | |
| Lengd, hlutfall (%) af efnislengd | 100 | 100 | 100 | 20 | 30 | 40 |
| **Sprungur, við 20 % viðarraka** | | | | | | |
| Sprungur í breiðhlið, ekki gegnumgangandi, hlutfall (%) af efnislengd við: | | | | | | |
| Efnisþykkt < 45 mm | 0 | 0 | 10 | 20 | 30 | 75 |
| Efnisþykkt ≥ 45 mm | 0 | 0 | 15 | 25 | 35 | 100 |
| Gegnumgangandi sprungur, lengd (mm) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100 |
| Endasprungur, lengd í hvorum enda (mm) | 35 | 35 | 35 | 50 | 50 | 100 |
| Hringsprungur, breidd (mm) | 0 | 0 | 10 | 10 | 15 | 30 |
| **Formbreyting við 20 % viðarraka mest á versta 2 m lengdar** | | | | | | |
| Flatbeygja (mm) við: | | | | | | |
| Efnisþykkt < 45 mm | 5 | 5 | 15 | 15 | 15 | 25 |
| Efnisþykkt ≥ 45 mm | 5 | 5 | 10 | 10 | 10 | 20 |
| Kantbeygja (mm) | 4 | 4 | 6 | 6 | 6 | 10 |
| Vindingur, hlutfall (%) af breidd við: | | | | | | |
| Efnisþykkt < 45 mm | 5 | 5 | 10 | 10 | 10 | 15 |
| Efnisþykkt ≥ 45 mm | 5 | 5 | 8 | 8 | 8 | 15 |
| Þverbeygja/kúpa, hlutfall (%) af breidd | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 4 |

# Hver er viðarrakinn?




## Viðarraki

| Skýring | Mælíregla |
|---|---|
| Þyngd á vatninu í viðnum í hlutfalli (%) af þurrvigt viðarins. | Mæling er gerð með kvörðuðum rafmagnsmæli, sem er með einangraðar nálar eða rafrýmdum rakamæli. |




**Mælireglur:** Þurrvigtaraðferðin er nákvæmust til að ákveða viðarraka.




$$\frac{\text{Votvigt} - \text{Þurrvigt}}{\text{Þurrvigt}} \times 100 = \text{hlutfall viðarraki (\%)}$$

# Viðarraki / Viðarjafnvægisraki






# Products

—

**Vika Wood produces approximately 270 000 m3 of sawn timber per year.**
**Production is divided between Whitewood (45%) and Redwood (55%).**
**75% of the total production is sold in export markets worldwide.**

The majority of the Whitewood products are delivered specially dried and graded to Europe and Japan for glue-laminated beam production, as well as for other construction purposes. The Redwood is sold mainly to Japan, the traditional European markets and North Africa for construction, furniture production and carpentry.

Personal contact between our customers and sales representative is a vital part of our goal of continual development. A precise understanding of customer needs and expectations ensures efficient and punctual deliveries, adequate tolerances, moisture content and quality grading of our products.

## Shipping Marks

| VIKA | + VIKA + | ☆ VIKA ☆ | VIKA |
|---|---|---|---|
| O/S | S/F | V | VI |

# Specialprodukter

Kärnved och grovaplank

25 x 150/175 mm kärnved till ytterpanel

38 x 155/175 mm märgfri kärnved

100 x 200 mm bjälke och stolpar

Trävaror / dörr och fönster

28 x 155 mm

32 x 155/ 175 mm

32 x 155/ 200 mm

38 x 155/ 175 mm

38 x 155/ 200 mm

## Skeppningsmärken Løten:




Furu centrum

## Skeppningsmärken Dalaträ:




Gran centrum

42 x 100 mm

44 x 150 mm

47 x 75/ 100/ 125/ 150/ 175/ 200/ 225/ (250) mm

50 x 100/ 200 mm

## Skeppningsmärken Valåsen:



# Merkingar á gagnvörðu timbri fyrir timburvirki, skjólveggi, girðingar og palla

## 1. Efni blaðsins

Markmiðið með þessu blaði er að skýra mismunandi merkingar á gagnvörðu timbri. Þar sem skýrðar eru merkingar sem byggðar eru á Evrópustöðlum og reglum sem samtök um gæðaeftirlit hafa komið sér saman um (NWPC - Nordic Wood Preservation Council).

Blaði þessu er ætlað að halda utan um merkingar á gagnvörðu timbri sem er notað í timburvirki, girðingar og palla.

Tveir Evrópustaðlar setja línuna um hvernig eigi að merkja timbur sem er gagnvarið.

ÍST EN 351-1:2007 flokkar gagnvarið efni eftir því hvað gagnvarnarvökvinn fer djúpt í viðinn. Fyrir timburvirki, skjólveggi, girðingar og palla eru annars vegar notaðar merkingarnar NP 3 en þá fer gagnvarnarvökvinn að lágmarki 6 mm inn í viðinn og hins vegar NP 5 en þá er öll rysjan gagnvarin. (Sjá töflu 1 yfir flokkun á inndrægni í viðinn samkvæmt ÍST EN 351-1:2007.)

ÍST EN 335-2013 flokkar gagnvarið efni í notkunarflokka (UC-use classes) eftir því hvar á að nota efnið. Fyrir timburvirki, skjólveggi, girðingar og palla eru notaðar merkingarnar UC 3 og UC 4. Notkunarflokkurinn UC 5 er notaður fyrir efni sem er í sjó eða þar sem gerðar eru

| Gagnvarnarflokkar samkvæmt ÍST EN 351-1 | | Notkunarflokkar UC 1 -UC 5 samkvæmt ÍST EN 335-1 og notkunarflokkar NTR M, A, AB og greni | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flokkur | Kröfur um inndrægni | UC 1 | UC 2 | UC 3 | UC 4 | UC 5 |
| NP 1 | Engar | | | Greni** GW** | | |
| NP 2 | Lágmark 3 mm inn í rysju | | | | | |
| NP 3 | Lágmark 6 mm inn í rysju | | | B | | |
| NP 4 | Lágmark 25 mm* | | | | | |
| NP 5 | Allur rysjuviðurinn | | | AB | A | M |
| NP 6 | Allur rysjuviðurinn + 6 mm inn í kjarnaviðinn | | | | | |

* Gildir aðeins fyrir sívala staura sem er erfitt að gagnverja og sem tilheyra gagnvarnarflokkum 3-4 samkvæmt ÍST-EN 350-2.

** Greni AB gagnvarið og GW greni B gagnvarið.



***Mynd 1.*** *Gagnvarnartankur.*



***Mynd 2.*** *Stæða af gagnvörðu efni*

## 2. Merking samkvæmt ÍST EN 351-1:2007

Eftirtaldar merkingar eiga að vera annaðhvort á timbrinu sem er gagnvarið eða á búntinu með timbrinu.

a) Númer og dagsetning.
b) Nafnið á gagnvarnarvökvanum.
c) Gagnvarnarflokkun.

| Dæmi um notkunaraðstæður fyrir gagnvarið timbur | | | |
|---|---|---|---|
| Notkunar-flokkar samkvæmt ÍST EN 335 | Notkunaraðstæður | Dæmi | Notkunar-flokkar samkvæmt NTR |
| UC 1 | Timbur innanhús við þurrar aðstæður | Húsgögn, innréttinga og klæðning | Enginn |
| UC 2 | Viður sem er hvorki í snertingu við jörð né verður fyrir beinni veðrun, en getur blotnað skamman tíma í senn. | Sperrur og þakklæðning og viður undir þaki utanhúss | Enginn |
| UC 3 | Viður sem verður fyrir áhrifum veðurs eða þéttivatns en er hvorki í snertingu við jörð né stöðugt í vatni, og er hvorki þar sem mikil hætta er á óhöppum né þar sem mikið vandamál er er skipta um hluta, sem verða fyrir skemmdum | Gluggar og útihurðir. Klæðning utan húss og viður í görðum, lausir frá jörðu | B<br>AB |
| UC 4 | Viður sem er stöðugt í snertingu við jörð eða ferskvatn eða verður fyrir sérstak-lega miklu veðurálagi. Viðarhlutar, sem reynsla sýnir að hætt sé við skemmdum og sem erfitt er að skoða og skipta um eða þar sem öryggi manna er í húfi. | Línumöstur eða línustaurar, girðingastaurar og hliðastólpar, pallar, svalagólf, tröppur o.þ.h. Utanhúss. Fótsykki veggja, gólfbitar yfir lítið upphituðum eða óupphituðum rýmum. | A |
| UC 5 | Viður í sjó eða söltu vatni, svo og viður sem sérstakar kröfur um þol og styrk eru gerðar til. | Bryggjur, legukantar, staurar. | M |

***Tafla 2.*** *Flokkun eftir því hvar á að nota efnið*

| Gagnvarna flokkar | Gæðamerki NWPC |
|---|---|
| M | NTR M |
| A | NTR A |
| AB | NTR AB |
| B | NTR B |

***Tafla 3.*** *Merkingar frá NWPC*

## 3. Heimildir


ÍST EN 351-1-2007
Durability of wood and wood-based products - Preservative-treated solid wood - Part 1: Classification of preservative penetration and retention.

ÍST EN 335:2013
Durability of wood and wood-based products - Use classes: definitions, application to solid wood and wood based panels.

NMPC Document No 1:2013


***Höfundur:*** *Eiríkur Þorsteinsson*



***Mynd 3.*** *Stæða af gagnvörðum staurum*

# Umhverfið

- Svansvottun
- FSC vottun

ÍSLENSKT

gjörið svo vel